

**Sþ. 335. Tillaga til þingsályktunar [157. mál]**

um námslaun, greiðslu skóladvalarkostnaðar o. fl.

Flm.: Ingvar Gíslason, Þórarinn Þórarinsson, Páll Þorsteinsson.

Alþingi ályktar að kjósa hlutfallskosningu sjö manna nefnd til þess að gera tillögur um fyrirkomulag námslauna, eflingu námsláναςjóðs og greiðslu skóladvalarkostnaðar nemenda, sem óhjákvæmilega verða að vista sig til langs tíma utan heimila sinna. — Nefndin skili álití fyrir næsta reglulegt Alþingi. — Ber nefndinni m. a. að hafa samráð við Láναςjóð ísl. námsmanna, stúdentaráð Háskóla Íslands, Félag ísl. stúðenta erlendis, Alþýðusamband Íslands og Stéttarsamband bænda. — Kostnaður við störf nefndarinnar greiðist úr ríkissjóði.

**Greinargerð.**

**Yfirlit yfir námsstyrktarkerfið.**

Lög nr. 52 1961, um Láναςjóð íslenzkra námsmanna, gera ráð fyrir, að sjóðurinn starfi í tveimur deildum, annars vegar Lánadeild stúðenta við Háskóla Íslands og hins vegar Lánadeild námsmanna erlendis. Lánadeild námsmanna erlendis hefur að því leyti víðara verksvið, að réttur til námslána nær að jöfnu til háskólastúðenta og nemenda annarra skóla. Auk þess hafa nemendur erlendis aðgang að beinum

styrkjum, sem menntamálaráð úthlutar. Stúdentar við Háskóla Íslands hafa rétt til námslána, en almennt engra beinna styrkja.

Námslánin eru mismunandi há eftir því, hvaða nám menn stunda. Fer flokkun námslána m. a. eftir lengd námsins, þ. e. hversu mörg ár þarf til þess að ljúka loka-prófi í hlutaðeigandi grein, en fleiri atriði munu og ráða flokkuninni, t. d. möguleikar stúdenta til þess að stunda vinnu með námi. Læknastúdentar njóta hæstu námslána, enda er læknanámið lengra en annað háskólanám og vinnu læknastúdenta með námi mikil takmörk sett, ekki sízt þegar líður á námstímann. Nemendur í öðrum íslenskum skólum hafa ekki aðgang að námslánum né beinum styrkjum af ríkisfé.

Tekjur sínar fær námslánasjóður fyrst og fremst af framlagi ríkissjóðs samkv. fjárlögum hverju sinni, en auk þess hafa verið tekin lán í bönkum til þess að svara nokkru af þörfum sjóðsins. Sem ljóst má vera er slík fjáröflun óraunhæf til fram-búðar og stengt ekki nema sem bráðabirgðalausn mjög stuttan tíma. Þá hefur sjóðurinn tekjur af eigin fé. Þegar lög um Lánasjóð ísl. námsmanna voru sett 1962, var talið að því stefnt, að meðallánið gæti náð því að verða 25 þús. á ári. Því marki hefur ekki verið náð til þessa. Mun meðallánið vart hafa verið meira en ca. 20 þús. á ári.

Eins og fyrr er á minnst, leggur ríkið einnig fram óafturkræfa beina námsstyrki, sbr. 14. gr. fjárlaga. Sér menntamálaráð um úthlutun þeirra. Styrkir þessir eru tvenns konar, annars vegar svonefndir fimm ára styrkir („dúxastyrkir“) og hins vegar styrkir til námsmanna erlendis. Fimm ára styrkjanna njóta háskólastúdentar einir, hvort sem þeir stunda nám innanlands eða utan, og aðeins þeir, sem lokið hafa stúdentsprófi með afburða árangri.

Í 13. gr. læknaskipunarlaganna segir, að heimilt skuli, samkvæmt tillögum land-læknis, að fenginni umsögn læknadeildar Háskóla Íslands, að veita á ári hverju læknastúdentum ríkislán til náms gegn skuldbindingu um læknáþjónustu í héraði að afloknu námi. Engum má þó veita slíkt námslán, fyrr en hann hefur staðizt fyrsta hluta embættisprófs.

Af því, sem hér hefur verið sagt, má ráða, að háskólastúdentar og aðrir námsmenn, sem nám stunda erlendis, hafa möguleika á að fá nokkurt námslán og nokkurn beinan námsstyrk, stúdentar við Háskóla Íslands hafa möguleika á að fá námslán, en engan beinan styrk, utan þeir, sem rétt kynnu að eiga á svonefndum „dúxastyrk“. Læknastúdentar njóta sérstakra lánsmöguleika samkv. læknaskipunarlögum. Námsmenn í öðrum skólum innanlands fá hvorki lán né styrki af ríkisfé.

#### Nauðsyn endurskoðunar.

Flutningsmenn þessarar tillögu telja tímabært að taka námsstyrktarkerfið til rækilegrar endurskoðunar í því skyni að efla það og auka verulega sem nauðsynlegan þátt í framtíðaruppbyggingu menntamála þjóðarinnar. Er þá fyrst fyrir að koma upp námslaunakerfi, er leysi af hólmi núverandi styrkjafyrirkomulag, og efla samtímis Lánasjóð íslenskra námsmanna frá því, sem nú er. Þarf að stefna að því, að allir, sem stunda langskólanám og annað dýrt nám heima og erlendis, eigi þess kost að fá svo rífleg námslaun og námslán samanlagt, að svari eðlilegum námskostnaði. Rétt er að gera ráð fyrir, að slíku kerfi verði komið á í áföngum á nokkrum árum.

Eins og nú háttar aðstöðu langskólamanna og annarra, sem stunda dýrt nám, er óhjákvæmilegt, að þeir vinni mikið með námi, og er ekki að efa, að það veldur verulegum tögum á námsferlinum, lengir námið jafnvel svo að árum skiptir og dregur almennt úr námsárangri. Á þetta einkum við um háskólastúdentana. Fer því fjarri, að almennt geri menn sér grein fyrir örðugleikum stúdenta í þessum efnum. Fer ekki hjá því, að þorri stúdenta stofnar til mikilla skulda á námsárum sínum, auk þess sem þeir hefja lífsstarf sitt — af eðlilegum ástæðum — síðar en flestir eða allir aðrir. Dýr undirbúningur undir lífsstarfið tekur langan tíma og stýttir starfsævi

menntamanna. Er algengt, að íslenzkir stúdentar séu við nám fram að þritugu, ef ekki lengur. Bætt fjárhagsaðstaða stúdenta mundi breyta miklu í þessu efni. Almennt mundi námstíminn styttest stórlega og nýtast miklum mun betur, auk þess sem stúdentarnir kæmst fyrr til starfa og ættu fyrir höndum lengri starfsævi í þágu þjóðfélagsins. Aukin námsaðstoð af hálfu hins opinbera mundi því fljótlega borga sig og vel það, enda mundu stúdentarnir m. a. efnast og eflast að gjaldgetu vegna opinberra þarfa fyrr en ella.

Námslaun og námslán þurfa auk þess að ná til fleiri námsmanna innanlands en háskólastúdenta, þó að þar sé þörfin einna brýnust.

#### Greiðsla skóladvalarkostnaðar.

Eitt þeirra nýmæla, sem hreyft er með þingsályktunartillögu þessari, er það, að settar verði reglur um greiðslu skóladvalarkostnaðar nemenda, sem óhjákvæmilega verða að vista sig til langs tíma utan heimila sinna. Getur þetta átt við nemendur á ýmsum aldri og í mismunandi skólum, m. a. nemendur í heimavistarbarnaskólum, héraðsskólum, menntaskólum, verzlunarskólum o. s. frv. Er það án efa sanngjörn og raunhæf aðferð til þess að jafna námsaðstöðu í landinu, að hið opinbera greiði kostnað, sem leiðir af óhjákvæmilegri dvöl nemenda utan heimila þeirra. Til lengdar verður ekki undan því vikizt að fara þessa leið. Er það nú mikill beinn útgjaldaliður fyrir sveitaheimili og önnur, sem líkt eru sett hvað snertir fjarlægð frá skólum, að þurfa að vista börn og ungmenni utan heimilis vegna skólagöngu. Sem dæmi um óbein áhrif á fjárhagsafkomu og heimilislíf sveitaheimila er vert að geta þess, að stór hluti menntaskólanemenda, sem verða að sækja skóla í önnur hérud eða landsfjórðunga, neyðist einnig til þess að dveljast fjarri heimilum sínum hvert sumar í því skyni að afla fjár til skólagöngu sinnar. Þetta á fyrst og fremst við um nemendur úr sveitum, þar sem fjáraflavon er lítil miðað við það, sem gerist í uppgripavinnu til sjávarins. Með þessu móti verða börn og foreldrar fyrr viðskila hvort við annað en ella mundi, auk þess sem heimilin missa dýrmætan liðsafla frá nauðsynjaverkum. Er áreiðanlega tímabært að gefa þessu fullan gaum, enda verulegt hagsmuna- og réttlætismál fyrir þá, sem verða að búa við þetta ástand.

Rétt er að geta þess, að þessi mál hafa verið til endurskoðunar í nágrannalöndum okkar undanfarin ár. Svíar hafa þegar tekið upp mjög víðtækt kerfi námsaðstoðar, sem felst í öflugri lánaþyrngreiðslu og beinum námslaunum. Allir stúdentar og skólanemar yfir 16 ára aldur fá einhvers konar námsaðstoð í formi beinna launa og lána. Hvað háskólastúdenta snertir, þá eru samanlögð laun og lán svo mikil, að svarar eðlilegum námskostnaði. Það þýðir, að stúdentar geta gefið sig að námi heilir og óskiptir allan námstímann. Í Noregi hefur stjórnskipuð nefnd lagt til, að námsstyrktarkerfið verði aukið stig af stigi á 10 árum. Stefnt skuli að því að létta námskostnaðarbyrði nemenda á nær öllum skólastigum, m. a. með greiðslu ferðakostnaðar og aukaútgjalda vegna námsdvalar utan heimila. Nefndin leggur til, að stúdentar hljóti aukinn aðgang að lánum og fái að námi loknu endurgreiddan ákveðinn hluta af námskostnaði. — Í Sovétríkjunum og fleiri löndum í Austur-Evrópu eru námslaun greidd stúdentum við háskóla og vist öðrum námsmönnum.